

Stjórnarfundur ÆSKP 12. október 2012, 13.30-14.30.

Fundinn sóttu Guðrún Karls Helgudóttir formaður, Guðmundur Karl Einarsson gjaldkeri, Sigurvin L. Jónsson ritari, Kristján Ágúst Kjartansson meðstjórnandi og Rakel Brynjólfsdóttir varamaður (f. Sunnu Dóru Möller).

Framkvæmdarstjóri, Sigríður Rún Tryggvadóttir, sat fundinn.

Formaður hóf fundinn með orði og bæn.

1. Rætt var um Landsmót ÆSKP.

Skráningar gef til kynna að fjöldi þátttakenda fari yfir 500. Undirbúningur gengur vel, óvissuþáttur er gistirými ef að fjöldi fer mikið yfir 500 manns. Hópastarfið er að komast á hreint, við þurfum ca 4 hópa í viðbót. Bautinn fékk upplýsingar um fjölda og hann sér um að útvega tilskilin leyfi. Allt sem við getum safnað í mat og styrki kemur til lækkunar. Guðmundur kannar möguleika á að fá styrki fyrir flutninga.

Rætt var um lokafrest til skráningar, eftir miðnætt í kvöld getum við ekki tekið við hópum á mótið.

Rætt var um rútuþjónustu og gæði er varðar bílstjóra og rútur. Rakel kannar leyfi fyrir karnevalinu.

2. Fjármál Landsmóts.

Guðmundur telur að Landsmót komi út á sléttu m.v. núverandi forsendur. GKE ætlar að semja við hljómsveitina Tilviljun? um að útvega sjálf backline og ferðamáta gegn fastri upphæð.

3. Leyfi til að kanna sakavottorð voru rædd. Söfnuðurnir sjá um að kanna sitt fólk. Formið á biskupsstofu er gallað. Það er óskýrt hver aflar gagna og þar er gerð undanþága á grein er varðar ofbeldi sem leiðir ekki til varanlegs skaða. Ragnhildur Benediktsdóttir er búin að leiðrétta formið á vef biskupsstofu. ÆSKP vill að felld verði úr gildi sú undanþága. Málið varðar hagsmuni barna- og unglunga í kirkjunni.

4. Sigurvin fær það hlutverk að ganga frá því við Keflavíkurkirkju að Landsmót 2013 verði haldið þar.

5. Rætt var um að koma Þórunni á mótinu. Samþykkt var að fljúga Þórunni og Guðrúnu á Landsmót ÆSKP. (Þrjú atkvæði, tveir sátu hjá). Eftir að ræða við Þórunni um það hvort þetta

6. Easter Course. Rætt um að greiða Þórunni þóknun fyrir að halda utan mótið. Rakel verður ásamt henni í Planning Team. Andrea mun einnig vera innanhandar.

7. Sigurvin greindi frá því að rætt hafi verið formlega við Keflavíkurkirkju um að Landsmót 2013 verði haldi í Reykjanesbæ. Það verður tilkynnt við slit komandi Landsmóts.

8. Vegna ákvörðunar á stjórnarfundum 23. september sl. um hljóðkerfi hefur orðið breyting á tæknimálum. Stjórnin staðfesti ákvörðun um að á Landsmóti verði skipt við Hljóðkerfaleigu Austurlands vegna tæknimála.